

Síðanefnd Bláamannafélags Íslands.

## Mál nr. 12/2010-2011

**Kærandi:** Hjálmar Vilhjálmsson og handknattleiksdeild Fram

**Kærðu:** Henry Birgir Gunnarsson, fréttamaður hjá Fréttablaðinu og visir.is, Guðjón Guðmundsson, fréttamaður á Stöð 2 og Sigurður Elvar Þórólfsson, íþróttafréttastjóri 365 miðla (Fréttablaðsins, visir.is og Stöðvar 2.)

**Kæruefni:** Frásagnir miðla 365 af kærumálum milli Fram og Vals eftir undanúrslitaleik þessara liða í bikarkeppni KSÍ vegna tilkynninga um leikmannaheimildir svo og að Fram hefði aðhafst það sem félagið sjálft kærði Val fyrir og birtust í Fréttablaðinu og visir.is 19. febrúar 2011 og í Stöð 2 hinn 20. febrúar 2011.

### Málsmeðferð

Kæra barst Síðanefnd B.Í. 18. apríl 2011. Kærandi lagði fram afrit af fréttum fjölmiðla 365 31. viðkomandi máli, svo og slóð á hina kærðu sjónvarpsfrétt Stöðvar 2 auk tölvupóstsamskipta milli Hjálmars Vilhjálmssonar og Sigurðar Elvars Þórólfssonar. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 8. maí 2011. Var óskað eftir greinargerðum frá kærðu og barst svar frá Sigurði Elvari Þórólfssyni, íþróttafréttastjóra 365 miðla 3. maí 2011. Kærumálið var tekið fyrir á ný á fundi nefndarinnar 24. maí 2011.

### Málavextir:

Í kjölfar undanúrslitaleik Vals og Fram í bikarkeppni í handknattleik karla fyrr á þessu ári kærði Fram Val til HSÍ þar sem talið var að einn leikmaður Vals, Markús Máni Mikaelsson, hefði verið ólöglegur í leiknum. Ástæða þess að Fram taldi leikmanninn ólöglegan var sú að HSÍ hafði ekki mótttekið svonefndan B-leikmannasamning. Hinir kærðu fjölmiðlar birtu í kjölfarið fréttir um að Fram hafi beitt sömu aðferðum og Valur varðandi innsendingu á B-leikmannasamningi leikmanns og var Fram ásakað um tvískinnung í Fréttablaðinu og á visir.is. Í fréttatíma Stöðvar 2 var fullyrt að Fram hafi sent inn B-leikmannasamning vegna leikmanns í kvennaliði Fram, sömu helgi og umræddur leikur Vals og Fram í karlaflokki var háður, og starfsmenn HSÍ hefðu ekki séð þann leikmannasamning fyrr en eftir sömu helgi.

Það segja kærændur rangt þar sem starfsmönnum HSÍ hafi verið gert viðvart og fengið samninginn í tölvupósti.

Kæran er í þrennu lagi. Í fyrsta lagi er kært fyrir brot gegn 1. og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands með því að kærðu gerðu kæru handknattleiksdeildar Fram til HSÍ að umfjöllunarefni sínu og persónugerðu málið með því að birta mynd af kæranda í Fréttablaðinu og á visir.is og með því að vísa til hans í texta undir mynd. Kærðu hafi ekki boðið kæranda að skýra málstað sinn og umræddar fréttir ekki leiðréttar verið þrátt fyrir augljósar staðreyndavillur og að réttum upplýsingum hafi verið komið á -framsæri við blaðamann og fréttastjóra viðkomandi fjölmiðla. Fréttablaðið, Stöð 2 og visir.is hafi þannig ekki orðið við því að birta umbeðna leiðréttingu.

Í öðru lagi er kært vegna setningarinnar „Handknattleiksdeild Fram hafði óskað eftir faglegri vinnubrögðum hjá Valsmönnum..." (Fréttablaðið), en sami texti hafi birtst á visir.is og hliðstætt í frétt Stöðvar 2). Með ummælum kæranda (HV) á Stöð 2 hafi hann hins vegar ekki aðeins verið að vísa til Vals, heldur hvernig handknattleikshreyfingin standi að leikheimildum leikmanna. Fram hafi í sjálfu sér ekki verið undanskilið þessari gagnrýni enda hluti af HSÍ. Orð kæranda hafi því verið slitin úr samhengi og hann ekki fengið kost á því að skýra orð sín sem stangist á við 1. og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Í þriðja lagi er kært fyrir að 365 miðlar skuli í fréttatíma Stöðvar 2 láta fréttamanninn Guðjón Guðmundsson fjalla um málefnið svo og að hann sjálfur skuli láta sig hafa að fjalla um deiluefnið vegna tengsla fréttamannsins við bæði Valog leikmanninn en alkunna sé að sonur fréttamannsins hafi um áraraðir leikið fyrir Val og að Markús Máni sem deilan um leikmannaheimildina snerist um, tengist fjölskyldu fréttamannsins vinaböndum. Öll umfjöllun Guðjóns Guðmundssonar beri með sér hlutdrægni. Í fyrsta lagi reyni hann ekki að hafa samband við kærændur. Í öðru lagi nefnir hann fréttina á visir.is „Klúður hjá Fram". Í þriðja lagi þá sé fréttin röng og halli verulega á kærændur. Og í fjórða lagi bæti hann við í niðurlagi; „Já skemmtilegt rugl". Kærændur telja fréttamann og vinnuveitendur hans hafa virt að vettugi 5. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands um hagsmunaágreining. Jafnframt sé umfjöllunin ekki í samræmi við 1. og 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

### **Umfjöllun:**

Í umfjöllun sinni um þetta mál hefur Siðanefnd B.Í. einkanlega horft til þess að í greinarjgerð Sigurðar Elvars Þórólfssonar, íþróttafréttastjóra 365, kemur fram að Fréttablaðið hafi birt hinn 25. febrúar 2011 efnislegar athugasemdir Hjálmars Vilhjálmssonar við fréttáflutning 365 miðlanna. Þó ljóst sé að honum þyki afgreiðsla mála ekki fullnægjandi, telur siðanefnd að í athugasemdinni komi fram leiðrétting á öllum aðalatriðum málsins hvað varðar kæruliði 1 og 2. Athugasemdin hljóðar svo:

„Vegna fréttar Fréttablaðsins um síðustu helgi þar sem bent var á að handknattleiksdeild Fram hefði beitt sömu vinnubrögðum og handknattleiksdeild Vals vill Hjálmar Vilhjálmsson, stjórnarmaður hjá Fram, koma eftirfarandi á framsæri.

Síðastliðinn laugardag sendi fulltrúi Fram leikmannasamning til HSÍ vegna stúlku úr 3. flokki sem tekin var inn í leikmannahóp meistaraflokks kvenna. Ekki gekk að senda afrit af samningnum með faxi og því setti fulltrúi Fram sig í símasamband við starfsmann HSÍ og sendi honum svo afrit af umræddum samningi í tölvupósti. Afrit af samningnum barst þannig starfsmanni HSÍ fyrir umræddan leik.

Daginn eftir sendu fulltrúar Valsmanna afrit af samningi Markúsar Mána Michaelssonar Maute eins og fram hefur komið. Afritið var einnig sent með faxi en sökum bilunar var það ekki starfsmönnum HSÍ aðgengilegt fyrr en daginn eftir að leikurinn fór fram. Á þessum vinnubrögðum er grundvallar eðlismunur að mati Hjálmars og er fyrirsögn Fréttablaðsins um tvískinning Framara harðlega mótmælt.

Hjálmar vill einnig koma því á framfæri að hann bindur vonir við yfirlýsingu stjórnar HSÍ frá 16. febrúar þar sem hún lýsir meðal annars yfir að umrædd framkvæmd verði tekin til endurskoðunar og leitast við að gera reglur skýrari en nú er. Að öðru leyti vill Hjálmar vísa til yfirlýsingar stjórnar handknattleiksdeildar Fram frá 17. febrúar. "


Telst leiðréttingarákvæði 6. greinar siðareglna fullnægt með þessari athugasemd.

Varðandi 3. kærulið um meinta hagsmunaárekstra fréttamanns telur siðanefnd kæruliðinn órökstuddan og vanreifaðan til að koma til álita og er þeim kærulið vísað frá.

### Úrskurður:

Kærðu, fólmiðlar 365 svo og Sigurður Elvar Þórólfsson, Henry Birgir Gunnarsson og Guðjón Guðmundsson hafa ekki brotið gegn siðareglum.


Reykjavík, 24. maí 2011.



Björn Vignir Sigurpálsson




Hjörtur Gíslason



Friðrik Þór Guðmundsson



Ásgeir Þór Arnason



Jóhannes Tómasson